

Teikn á lofti - ráðgjöf og hönn  
Lilja Filippusdóttir  
Skipagata 12  
600 Akureyri

Reykjavík, 31. júlí 2012

Tilvísun: 201206008 / 5.1

## **Efni: Ákvörðun um tillögu að matsáætlun. Urðunarsvæði á Búðaröxl**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Teikn á lofti, f.h. Vopnafjarðarhrepps, að matsáætlun fyrir urðunarsvæði á Búðaröxl.

Skipulagsstofnun barst með bréfi frá Teikn á lofti dags. 20. júní 2012 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

### **Urðunarsvæði á Búðaröxl, Vopnafirði. Teikn á lofti. 20. júní 2012.**

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila frá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Vopnafjarðarhreppi, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Vopnafjarðarhreppi með bréfi dags. 12. júlí 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 16. júlí 2012, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 6. júlí 2012 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. júlí 2012. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 23. júlí. 2012.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vopnafjarðarhrepps að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Teikn á lofti, f.h. Vopnafjarðarbæjar, dags. 23. júlí 2012 og með eftirfarandi athugasemdum og áherslum.

### **Framkvæmd og starfsemi**

Í kafla 1.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um forsendur framkvæmdarinnar. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram, eins og Umhverfisstofnun bendir á, nánari umfjöllun um hvernig framkvæmdin samræmist stefnu stjórnvalda, sbr. drög að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2021, sem m.a. felur í sér að 2021 verði bönnuð urðun lífræns úrgangs. Skipulagsstofnun telur jafnframt að gera þurfi grein fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir svæðið.

### **Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

Í kafla 4.2.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um sigvatn og jarðveg. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar um að í frummatsskýrslu þurfi að gera nána grein fyrir meðhöndlun sigvatns. Verði niðurstaða mats á umhverfisáhrifum að þetta þurfi botn urðunarsvæðisins þarf að gera grein fyrir hvernig að því verði staðið.

Í kafla 4.2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um gróður og dýralíf á landi. Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu verði fjallað á nákvæmari hátt um gróðurlendi og eytt öllum misskilningi um röskun votlendis.

Í kafla 4.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fyrirliggjandi og fyrirhugaðar rannsóknir. Ekkert er minnst á niðurstöður fyrirliggjandi rannsókna. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram niðurstöður fyrirliggjandi rannsókna sem vísað er til í töflu á bls. 9 í kafla 4.3, auk niðurstaðna fyrirhugaðra rannsókna. Jafnframt þarf í frummatsskýrslu að fjalla um hættu á að mengunar kunni að gæta frá urðunarstaðnum í Skógalóni og Nýpslóni og eftir atvikum gera grein fyrir áætlun um vöktun slíkra áhrifa sem hluta af vöktunaráætlun. Gerð verði grein fyrir niðurstöðu samráðs við Umhverfisstofnun um eðli og umfang vöktunar og eftir atvikum viðbragðsáætlun leiði vöktun í ljós óásættanleg áhrif á viðtaka.

Sigurður Ásbjörnsson

